Í dag er kolefnisspor okkar 16,5 þúsund tonn CO₂-ígildi (sem jafngildir 1,2 g CO₂-ígildum á kWst) og hefur dregist saman um 25% milli ára. Heildarlosun frá rekstrinum var 49,5 þúsund tonn CO₂-ígilda eða 3,7 g/kWst á vinnslueiningu. Losun frá jarðvarma telur mest í kolefnissporinu, eða um 61%, þar á eftir er heildarlosun lóna tæplega 28%, þar af nam lífræn CO₂-losun frá uppistöðulónum 6,5 þúsundum tonna. Önnur losun (brennsla jarðefnaeldsneytis, losun brennisteinshexaflúoríðs (SF₆), losun vegna rafmagns- og heitavatsnotkunar og áburðarotkunar) er um 11%. Binding kolefnis var 33 þúsund tonn CO₂-ígilda árið 2020 eða 67% af allri losun.

↓ Heildarlosun, kolefnisbinding og kolefnisspor Landsvirkjunar árið 2020.



305-7 Losun brennisteinsvetnis

Gaslosun frá jarðhitavinnslu fyrirtækisins er metin út frá gasstyrk í gufu og vatni frá borholum. Einnig er eftirlit með styrk brennisteinsvetnis (H₂S) í nágrenni aflstöðva okkar.

Losun brennisteinsvetnis út í andrúmsloftið frá orkuvinnslu með jarðvarma:

- › Bjarnarflagsstöð: 843 tonn H₂S
- › Kröflustöð: 3.255 tonn H₂S
- › Þeistareykjastöð: 2.314 tonn H₂S

Loftgæði eru mæld með fjórum mælum við byggð auk tveggja við jarðvarmastöðvarnar. Ársmeðaltal 2020 fyrir styrk brennisteinsvetnis í byggð er innan heilsuverndarmarka, eða frá 1 til 3 µg/m³. Daglegt hámark 24 klst. hlaupandi meðaltals af styrk brennisteinsvetnis fór aldrei yfir skilgreind heilsuverndarmörk. Vegna ófullnægjandi loftflæðis um mælíbúnað voru gögn frá einum mæli ómarktæk 39% af árinu 2020. Rauntímaniðurstöður eru aðgengilegar á heimasíðu okkar⁹ og verða niðurstöður ársmeðaltala aðgengilegar hér¹⁰.

305-6 Við notum engin ósoneyðandi efni í starfsemi.

302-1 Orkunotkun

302-2 Orkufyrirtæki vinna ekki eingöngu orku, þau þurfa líka að nota orku. Við daglegan rekstur
302-3 notum við eldsneyti, aðkeypt rafmagn og hita ásamt því að nota eigin raforku. Heildarorku-
302-4 notkun fyrirtækisins árið 2020 var 142,5 GWh, þar af 141,2 GWh af endurnýjanlegri orku, og orkukræfni fyrirtækisins því 0,0000298%. Hluttur endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun fyrirtækisins var 99%.

Orkunotkun fyrirtækisins skiptist í eigin orkunotkun og orkunotkun sem verður til utan okkar starfsemi. Við eigin orkunotkun vegur notkun aflstöðva á því rafmagni sem þar er framleitt ásamt töpum í rafbúnaði hæst, eða 135,9 GWh, og lækkar um 5 GWh milli ára. Orkunotkun á aðkeyptu rafmagni og hita á starfsstöðvum og skrifstofuhúsnæði var 3,7 GWh (2,6 GWh af heitu vatni og 1,1 GWh af rafmagni). Þá var heildarorkunotkun jarðefnaeldsneytis 1,3 GWh.

Orkunotkun utan okkar starfsemi var 4,2 GWh og dróst saman um 4,4% á milli ára. Þar með er talin orkunotkun vegna flugferða og ferða starfsfólks til og frá vinnu og orkunotkun verktaka í framkvæmdum á okkar vegum.

Ítarlegri umfjöllun um orkunotkun og losun vegna hennar má finna í loftslagsbókhalda árið 2020.

9 Sjá meira á www.landsvirkjun.is/rannsoknirogthroun/voktun
 10 Sjá meira á www.landsvirkjun.is/sjalfbaerni/umhverfisskyrslur

303-1 Hringrás vatnsins

Þegar vatn gufar upp þéttist gufan í skýjum og fellur svo sem úrkoma í formi regns eða snævar á jökla og land. Þegar vatnið finnur sér aftur leið til sjávar streymir það eftir vatnsföllum, eða sest að í heitu bergi undir háhitasvæðum, og við það skapast gríðarlega mikil orka. Aflstöðvar okkar eru staðsettar mitt í þessari hringrás og nýta fallkraft og varma vatnsins til að vinna rafmagn úr endurnýjanlegri auðlind.

**303-1 Vöktun og rannsóknir auðlinda**

Við stundum umfangsmiklar rannsóknir og vöktun á þeim auðlindum sem við nýtum til orkuvinnslu. Við mælum afkomu jökla, rennsli og hitastig áa, efnasamsetningu og streymi grunnvatns, aurburð, vatnshæð og rými lóna ásamt því að rannsaka veðurfar og landbreytingar. Við fylgjumst með heildarástandi jarðhitasvæðanna með sérstöku jarðhitalíkani fyrir hvert starfssvæði. Þá mælum við og vöktum jarðhitageyminn, fylgjumst með grunnvatnsstraumum og efnainnihaldi grunnvatns og mælum losun á gasi út í andrúmsloftið.

Þetta, ásamt fleiri þáttum, gerir okkur kleift að sjá inn í framtíðina og ná fram sem bestri nýtingu auðlindanna með sjálfbærni að leiðarljósi.

Á árinu 2020 komu út um 25 skýrslur sem tengjast nýtingu auðlindanna og áhrifum þeirra á lífríki og samfélag¹¹.

303-1 Vatnsafl

Við reukum alls 15 vatnsaflsstöðvar á fimm starfssvæðum. Á þremur svæðum (Þjórsár- og Tungnaárvæðinu, Fljótsdalssvæði og Blöndusvæði) nýta stöðvarnar jökulár, veitur og miðlunarlón til orkuvinnslu. Á tveimur svæðum (við Sogið og í Laxá) eru svokallaðar rennslisvirkjanir sem nýta náttúrulegt rennsli lindáa. Vatn sem rennur um aflstöðvarnar rennur í sama magni frá þeim aftur, þ.e. við tókum ekkert vatn úr kerfinu heldur nýtum okkur hringrás þess til að búa til orku.

301-1 Jarðvarmi

303-1 Við reukum þrjár jarðvarmastöðvar á háhitavæðum á Norðausturlandi. Stöðvarnar nýta jarðhitavökva sem kemur upp úr um tvö þúsund metra djúpum borholum. Jarðhitavökvinn er blanda af vatnsgufu, sem inniheldur ýmsar gastegundir, og jarðhitavatni. Í aflstöðvunum er gufan skilin frá jarðhitavökvanum og nýtt til orkuvinnslu.

306-1

Jarðhitavökvi

Heildarmagn jarðhitavökva sem var tekið upp úr jarðhitageyminum árið 2020:

- » Bjarnarflagsstöð: 2.482.500 tonn
- » Kröflustöð: 7.043.000 tonn
- » Þeistareykjastöð: 7.071.000 tonn



Í Kröflustöð og Þeistareykjastöð er jarðhitavatnið (skiljuvatn) skilið frá gufunni og gufan nýtt til að knýja hverfla sem vinna rafmagn. Grunnvatn frá svæðunum er notað í kælingu á smurolíukæli, rafalakæli og loftræstikerfum. Að lokum er það nýtt ásamt viðbótargrunnvatni sem kæli- vatn fyrir kalda enda vinnslunnar (eimsvala og kæliturn). Alls eru nýtt úr nærliggjandi grunnvatnsbólum 3.691.321 tonn af grunnvatni í Þeistareykjastöð og 1.213.190 tonn í Kröflustöð.


Í kalda enda vinnslunnar er gufan þétt og við það myndast þéttivatn.

Afallsvatn (þéttivatn og skiljuvatn) er ýmist dælt aftur niður fyrir grunnvatnsborð eða losað á yfirborði. Tilgangur með niðurdælingu er að koma affallsvatninu niður fyrir grunnvatnskerfið og forðast blöndun við það. Það affallsvatn sem losað er á yfirborði fer út í læk og grunnvatn og getur þar með haft áhrif á umhverfið.

Kröfur í tengslum við losun jarðhitavökva í jarðlög og grunnvatn eru settar fram í starfsleyfi aflstöðva Landsvirkjunar. Leyfin eru gefin út af heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélaga sem vakta möguleg umhverfisáhrif vegna losunarinnar. Við vinnum markvisst með þeim og öðrum hagaðilum að því að draga úr yfirborðslosun.

Rannsóknir hafa leitt í ljós staðbundin áhrif vegna affallsvatns frá jarðhitavinnslu við Kröflustöð¹². Þaðan er vatn losað út í yfirborðsvatn, Dallæk, þaðan sem það síprar niður í grunnvatnsgeymi og hefur sú losun nokkur áhrif. Hins vegar eru áhrif á grunnvatn vegna losunar vart merkjanleg. Við vöktum grunnvatn í grunnvatnsholum, gjám og lindum til að meta möguleg áhrif vegna losunar affallsvatns á Mývatn. Í því sambandi hefur verið notast við til dæmis greiningar á styrk arsens (As), sem er í margfalt hærri styrk í frárennslisvatni aflstöðvanna en í grunnvatni. Reglubundnar mælingar við Mývatn hafa staðið yfir frá árinu 1997 en á þeim tíma hafa ekki mælst marktæk áhrif á Mývatn. Styrkur arsens og annarra efna og þungmálma hefur alltaf mælst undir umhverfismörkum.

↓ Magn arsens í grunnvatnssýnum við valdar mælistöðvar frá árinu 1997 til 2020.



- 306-1** Vegna áhrifa losunar á yfirborðsvatn í Dallæk höfum við hafið undirbúning fyrir losun skiljuvatns frá Kröflustöð með dælingu niður fyrir grunnvatnsborð, sem mun draga úr þessum áhrifum. Er það gert í samvinnu við heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og áætlað er að framkvæmdir við niðurdælingarholu hefjist á árinu 2021.
- 102-43**

Í samvinnu við Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Skútustaðahrepp var á árinu samþykkt aðgerðaáætlun um minnkun yfirborðslosunar frá Bjarnarflagsstöð. Þá var lögð ný lögn á milli skiljuvatnsstöðva við aflstöðina sem bæði minnka losun affallsvatns og nýta jarðhitavökvann betur.

Yfirlit yfir vökvastrauma

Við vinnslu orku úr jarðvarma notum við tvær meginauðlindir, jarðhitavökva úr jarðhitakerfinu og ferskvatn úr grunnvatnskerfinu. Jarðhitavökvi er blanda af gufu, gasi og jarðhitavatni. Myndirnar hér að neðan sýna ferðalag þessara þriggja strauma í gegnum aflstöðvarnar, frá því að þeir eru teknir upp á yfirborð og þar til þeir eru losaðir aftur út í andrúmsloftið eða niður í jörðina.

Stöðvarnar eru eftirfarandi:

- › Gufustöðin í Bjarnarflagi
- › Kröflustöð
- › Þeistareykjastöð

↓ **Gufustöðin í Bjarnarflagi**


Orkuvinnslan í Bjarnarflagi skilar af sér þremur afurðum; raforku, hitaveituvatni og þaðvatni fyrir Jarðböðin við Mývatn.


Jarðhitavökvi úr borholum sunnan við Þjóðveg fer í gegnum skiljustöð 1. Þar er gufan skilin frá vökvanum, send áfram inn á hverfla stöðvarinnar til raforkuvinnslu og síðan skilað út í andrúmsloftið. Frá skiljustöð 1 fer heitt skiljuvatnið um nýja skiljuvatnslögn yfir í skiljustöð 2. Jarðhitavökvi úr borholu norðan við Þjóðveg fer í skiljustöð 2. Rétt eins og í skiljustöð 1 er gufan skilin frá og er stærsti hluti hennar sendur áfram inn á hverfla Gufustöðvarinnar.

Skiljuvatnið frá skiljum 1 og 2 er nýtt til að forhita ferskvatn í varmaskiptum, en gufa er einnig nýtt til að fullhita hitaveituvatnið til að sjóða úr því súrefni áður en því er veitt til Hitaveitu Reykjahlíðar.

Eftir varmaskipta er skiljuvatni veitt til Jarðbaðanna við Mývatn. Umframskiljuvatni er veitt út í hljóðdeyfi og umbreytist þar annars vegar í gufu sem losuð er út í andrúmsloftið og hins vegar vatn sem fer út í yfirborðslón við stöðina. Úr lóninu seytlar vatnið niður um sprungu ofan í grunnvatnskerfið.

Virkjunin nýtir ekki annað grunnvatn en það sem nýtt er til vinnslu hitaveituvatns.





↑ Kröflustöð

Meginstraumur gufunnar er í gegnum hverfla stöðvarinnar þar sem raforkuvinnslan fer fram. Þaðan fer gufan út í eimsvala og síðan kæliturn áður en henni er skilað út í andrúmsloftið. Hluti jarðhitavökvans er sendur inn í lágþrýstiskilju (LÞ) en frá skiljunni fer einnig gufa inn á hverfilinn.

Stærstum hluta skiljuvatnsins er skilað aftur niður í jarðhitakerfið. Litlum hluta þess er skilað á yfirborðið, þaðan sem vatnið rennur eftir Dallæk áður en það fer niður í grúnnvatnskerfið. Unnið er að því að draga úr þessari yfirborðslosun.

Við þéttingu gufu myndast þéttilvatn sem blandast inn í stóran straum kælivatns-hringrásar. Sá straumur fer í gegnum eimsvala og kæliturn áður en hann gufar endanlega upp eða er losaður aftur út í grúnnvatnskerfið.


Stöðin nýtir grúnnvatn að langstærstum hluta sem kælivatn en einnig sem neysluvatn. Aðrir minni straumar, eins og jarðhitavökvi sem fer í hljóðdeyfi, gufa sem fer í gufuháf og skiljuvatn frá hljóðdeyfi, eru straumar sem verða til við vinnslustöðvun eða rekstrartruflanir. Til að draga úr tæringu í kæliturni er skiljuvatni veitt þar inn. Skiljuvatnið blandast þéttil- og grúnnvatni og stillir af sýrustig í turninum.

↓ **Þeistareykjastöð**

Meginstraumur gufunnar er í gegnum hverfla stöðvarinnar þar sem raforkuvinnslan fer fram. Þaðan fer gufan í kæliturn áður en henni er skilað út í andrúmsloftið. Skilju- og þéttivatni er nær öllu skilað aftur niður í jarðhitakerfið.

Stöðin nýtir grunnvatn að langstærstum hluta sem kælivatn en einnig sem neysluvatn. Aðrir minni straumar sem sýndir eru á myndinni, eins og jarðhitavökvi sem fer í hljóðdeyfi, gufa sem fer í gufuháf og skiljuvatn frá hljóðdeyfi, eru straumar sem verða til við vinnslustöðvun eða rekstrartruflanir. Þéttivatn er eimað vatn og laust við steinefni og umhverfisbakteríur. Vatninu er því veitt í kæliturn til að draga úr þörungavexti en slíkur vöxtur í of miklum mæli getur valdið rekstrartruflunum.

- Jarðhitavökvi
- Þéttivatn
- Ferskvatn
- Óþéttanlegt gas
- Neysluvatn
- Gufa og gas
- Uppgufun
- Kælivatn
- Gufa
- Skiljuvatn



303-3 Vatnsnotkun

Á skrifstofum okkar í Reykjavík og á Akureyri fáum við neysluvatn frá vatnsveitum viðkomandi sveitarfélaga. Á aflstöðvunum er kalt grunnvatn tekið úr vatnsbólum sem fyrir tækið á og/eða rekur.

- » Áætluð neysluvatnsnotkun í vatnsaflsstöðvum Landsvirkjunar er 13.000 m³
- » Áætluð notkun í jarðvarmastöðvum er 3.691.321 m³
- » Áætluð notkun á skrifstofum Landsvirkjunar í Reykjavík og á Akureyri er 9.000 m³

Allt frárennsli (skólp) frá starfsemi fer í gegnum fráveitukerfi sveitarfélaga eða gegnum a.m.k. tveggja þrepa hreinsun sem rekin er af Landsvirkjun og vöktuð af heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna.

303-1 Eftirlit með ástandi vatnsbóla

303-2 Kröfur um ástand vatnsbóla og gæði neysluvatns eru settar fram í starfsleyfi aflstöðva Landsvirkjunar. Leyfin eru gefin út af heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélaga sem vaktar möguleg áhrif af nýtingu bóllanna. Niðurstöður vöktunar sýna að engin áhrif hafa orðið á vatnsból vegna starfsemi okkar.

102-11 Áhrif orkuvinnslu á umhverfi og lífríki

Umhverfisstofnun sér um vöktun á áhrifum á vatnshlot, sem eru skilgreindar einingar undir vatnatilskipun og falla undir stjórn vatnamála. Samkvæmt vatnavefsja¹³ stofnunarinnar eru engin vatnshlot undir álagi vegna upptöku og/eða losunar vegna starfsemi okkar.

Nýting endurnýjanlegra auðlinda felur í sér inngrip sem getur haft áhrif á umhverfi og lífríki. Mat á þeim áhrifum er langhlaup sem þarf að vinna stöðugt í ef meta á raunverulegan árangur og áskoranir. Þess vegna rannsökum við og vöktum náttúru og lífríki áður en framkvæmdir hefjast, á meðan á þeim stendur og eftir að rekstur aflstöðva hefst. Þannig öflum við okkur vísindalegrar þekkingar um hvort og þá hvernig við höfum áhrif á umhverfið.

Í 50 ára sögu fyrirtækisins, og í langri sögu orkunýtingar á Íslandi og víðar, hafa komið upp umhverfisatvik sem hafa fært okkur dýpri skilning á viðkvæmu samspili nýtingar og náttúru. Við erum sífellt að læra hvernig við getum gert betur í umhverfismálum og unnið að því að verja og/eða endurheimta búsvæði.

304-2 Vöktun lífríkis

Við stundum umfangsmikla vöktun á vatna-, fugla- og dýralífi á áhrifasvæðum aflstöðva fyrirtækisins í samvinnu við háskóla, rannsóknarstofnanir og sjálfstæða sérfræðinga. Vöktunin veitir okkur vísendingar um hvort og þá hvernig starfsemin hefur áhrif á náttúru og lífríki og hvort grípa þurfi til aðgerða. Slík áhrif geta tekið mörg ár að koma fram og er því um langtíma vöktun að ræða sem stendur jafnvel yfir í áratugi.

Niðurstöður vöktunar 2020 sýna ekki frávik vegna áhrifa af starfsemi Landsvirkjunar frá vöktun fyrri ára.

307-1 Umhverfisatvik

Komið geta upp atvik tengd starfsemi okkar sem valda snöggum breytingum á lífríki. Slík atvik eru skráð sem umhverfisatvik og úrbótum fylgt eftir í langtíma vöktun. Tvö umhverfisatvik áttu sér stað á árinu.

Í júlí 2020 flæddi sjóðandi vatn úr borholu á borplani A á Þeistareykjum yfir gróðurlendi og olli gróðurskemmdum. Ástæða atviksins var að þegar borholunni var hleypt upp reyndist fráveitan stífluð. Í kjölfarið var verklag yfirfarið og áhættugreining gerð. Gripið verður til aðgerða árið 2021 til að bæta gróðurskemmdir.

Í janúar 2020 er skráð atvik frá 2019 sem átti sér stað í Hrauneyjarfossstöð. Við endurnýjun á búnaði stöðvarinnar var verklagi Landsvirkjunar við meðhöndlun SF₆ ekki fylgt. Efni sem fjarlæggt hafði verið af búnaðinum var fært yfir í birgðir Landsnets í stað þess að setja það aftur á búnað Landsvirkjunar. Skráning á losun SF₆ fyrir árið 2019 hefur því verið uppfærð í loftslagsbókhaldið fyrirtækisins með verstu mögulegu sviðsmynd í huga þ.e. að allt hafi lekið út, þrátt fyrir að við vitum að svo var ekki. Landsvirkjun hefur yfirfarið verkferla í kjölfar atviksins í samvinnu við Landsnet.

304-4 Tegundir á válistum

Við mat á áhrifum framkvæmda vöktum við og rannsókum búsvæði þeirra dýra og plantna sem eru á válistum Alþjóða náttúruverndarsamtakanna (e. International Union for Conservation of Nature, IUCN). Við fylgjumst sérstaklega með þeim tegundum sem metnar eru í hættu á lista IUCN og á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (ní) samkvæmt niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum á hverju starfssvæði fyrir sig.

Innan áhrifasvæða fyrirtækisins eru þekktar tvær tegundir sem metnar eru í hættu á válistum IUCN og ní; fálki (*Falco rusticolus*) og naðurtunga (*Ophioglossum azoricum*). Á Þeistareykjum eru ódul fálka en hvorki framkvæmdir á svæðinu né starfsemi Þeistareykjastöðvar, sem hófst árið 2017, virðast hafa truflað varp eða búsvæði stofnsins. Naðurtunga er sjaldgæf jurt sem vex eingöngu þar sem jarðhita er að finna. Við vöktum útbreiðslu jurtarinnar á áhrifasvæðum okkar á Norðausturlandi og engar vísbendingar eru um að plantan hafi orðið fyrir áhrifum vegna starfseminnar. Við höfum unnið með Umhverfisstofnun að því að hefta vöxt alaskalúpínu, sem er framandi ágeng planta, á vaxtarsvæðum naðurtungunnar.

304-3

Listar IUCN og ní eru okkur einnig leiðbeinandi við fyrstu athuganir á áhrifasvæðum mögulegra nýrra virkjunarkosta.

304-3 Varin og endurheimt búsvæði

Starfsemi okkar fylgir óhjákvæmilega rask sem getur haft áhrif á búsvæði dýra og plantna. Er það meðal annars vegna myndunar lóna, setmyndunar, áfoks og bakkarofs. Til að draga úr áhrifum á lífríki vinnum við að fjölmörgum mót-vægisáðgerðum sem hafa að markmiði að verja og endurheimta búsvæði.

Til varnar áfoki

Áhrifa á gróður vegna starfsemi okkar gætir einna helst vegna áfoks af strandlengjum Háslóns og Blöndulóns. Til varnar áfoki styrkjum við núverandi gróður með áburði, notum sandgildrur til að fanga sand sem fýkur og mokum burtu sandi sem hefur safnast fyrir á ákveðnum svæðum.

Rof- og bakkavarnir

Á árinu 2020 unnum við áfram að bakkavörnum við Lagarfljót, alls um 540 metra, til að hlífa gróðurlendi við rofi úr árbökkum. Um er að ræða nýjar varnir við Ekru og í landi Egilsstaða og framlengingu á vörn við Hól. Á þessum stöðum hafði rof á bökkum átt sér stað fyrir tilkomu Fljótsdalsstöðvar. Eftir að rekstur stöðvarinnar hófst jókst rennsli í fljótinu og vatnsborð hækkaði. Nýjum bakkavörnum er ætlað að varna því að rofið aukist og eru þær hluti af mót-vægisáðgerðum okkar á svæðinu.

Endurheimt gróðurs

Frá árinu 1967 höfum við verið þátttakendur í umfangsmiklu samstarfi við opinbera aðila og félagasamtök um aðgerðir í landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis. Samstarfið gengur út á að endurheimta gróður og landgræði sem hafa raskast, styrkja viðkvæm búsvæði plantna og dýra og sporna við náttúrulegri jarðvegseyðingu og sandfoki.




↑ **Aðgerðir í landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis á vegum Landsvirkjunar eða í samvinnu við fyrirtækið.**

Í tengslum við þessi verkefni höfum við fengið dýrmæta þekkingu sem við nýtum til að styrkja gróður á öllum starfssvæðum fyrirtækisins, óháð því hvort starfsemi okkar hafi þar bein áhrif eða ekki.


304-1 Verndarsvæði

Starfsemi okkar liggur í nágrenni við fjölmörg skilgreind verndarsvæði. Svæðin njóta mismikillar verndar, allt frá hverfisvernd sveitarfélaga upp í að vera þjóðgarðar. Þá njóta svæðin verndar af ýmsum ástæðum, svo sem vegna sérstæðs landslags, jarðmyndana, lífríkis eða menningar- og fornminja. Við erum vel upplýst um þessi svæði og vinnum með yfirvöldum og hagaðilum að því að uppfylla viðkomandi ákvæði um vernd á hverju svæði fyrir sig.


↓ Verndarsvæði á Blöndusvæði.




↓ Verndarsvæði á Fljótsdalssvæði.




↓ Verndarsvæði við Kröflu, Laxá og Peistareyki




↓ Verndarsvæði við Kröflu og Bjarnarflag.



↓ Verndarsvæði á Sogssvæði



↓ Verndarsvæði á Þjorsársvæði



306-2 Endurvinnsla og förgun

404-2 Á árinu lögðum við áherslu á að auka þekkingu okkar á úrgangsméðhöndlun á Íslandi. Við gerðum greiningu á öllum úrgangsflokkum sem fara frá okkur, fylgdum eftir hvernig úrgangurinn var meðhöndlaður og greindum tækifæri til úrbóta. Við nýttum gögnin til að auka yfirsýn, auka yfirsýn, við gerð verkferla og til að innleiða hringrásarhagkerfi í starfsemi okkar. Einnig unnum við fræðslufni og héldum námskeið fyrir starfsfólkið um málaflökkinn.

306-4 Úrgangsméðhöndlun

Við flokkum úrgang sem fellur til vegna starfsemi okkar og komum til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum aðilum. Samkvæmt lögum og reglum er öllum spilliefnum skilað til viðurkenndra móttökuaðila til að tryggja rétta méðhöndlun þeirra. Fyrirtæki sem sinna sorphirðu og förgun fyrir Landsvirkjun eru öll með starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirlitinu og Umhverfisstofnun.

Úrgangur eftir tegund og förgunaraðferð

- › Endurvinnsla: 62 tonn
- › Jarðgerð: 32 tonn
- › Landmótun: 33 tonn
- › Spilliefni til eyðingar: 22 tonn
- › Urðun eða brennsla: 55 tonn

Ítarlegri upplýsingar um úrgang og spilliefni eru í loftslagsbókhalda okkar.

Starfsstöðvar okkar flokka úrgang í samræmi við þá möguleika sem sorphirðufyrirtæki og viðkomandi sveitarfélög hafa upp á að bjóða. Þar sem úrræði til flokkunar eru færri, t.a.m. í minni sveitarfélögum, höfum við unnið með sorphirðuaðilum að bættri þjónustu sem hefur einnig nýst samfélagunum í kring.



Fólkið okkar

102-7 Hjá okkur starfa 270 fastráðnir einstaklingar sem eru lykillinn að árangri og velgengni okkar sem fyrirtæki. Með því að standa vörð um þekkingu þeirra, færni og vellíðan sköpum við öruggt og jákvætt starfsumhverfi sem er öllum til heilla.

102-8 Stöðugildi fastráðinna voru 263,86 í árslok 2020, þar af gegndu karlar rúmlega 191 gildi og konur tæplega 73. Stöðugildi tímabundinna ráðninga í árslok voru tæplega 11,95. Þar af gegndu konur tæplega níu gildum og karlar rúmlega þremur. Fjöldi fastráðinna í 100% starfshlutfalli var 260; 190 karlar og 70 konur. Fjöldi fastráðins starfsfólks í hlutastarfi var 10; fjórir karlar og sex konur. Stjórnendur okkar eru með búsetu á Íslandi og þekkja vel til samfélagsins sem við störfum í.

405-1 ↓ Fastráðið starfsfólk í árslok 2020 (stöðugildi)

	Iðnaðarmenn	Sérfræðingar og verkefnisstjórar	Sérhæfð skrifstofustörf	Stjórnendur	Ýmis störf
KVK	0,86 (1%)	36,8 (32%)	12,7 (100%)	12 (30%)	10,26 (68%)
KK	80 (99%)	78,5 (68%)	0 (0%)	28 (70%)	4,75 (32%)
<30	2 (2%)	4 (3%)	0 (0%)	0 (0%)	1 (7%)
30-50	44,86 (55%)	60,8 (53%)	0 (0%)	25 (63%)	4,01 (27%)
>50	34 (42%)	50,50 (44%)	12,7 (100%)	15 (35%)	10 (67%)
Samtals	80,86	115,30	12,7	40	15,01

401-1 Á árinu tókum við á móti 11 nýjum vinnufélögum. Starfsmannaveltan var 9%.

↓ Nýráðningar

Nýráðningar	KVK	KK	Alls
Fjöldi	5	6	11
Hlutfall	45%	55%	100%

Aldursdreifing	<30	30-50	>50
Fjöldi	1	9	1
Hlutfall	9%	82%	9%



405-1 Jöfn tækifæri fyrir öll

Við vinnum eftir aðgerðaáætlun í jafnréttismálum. Í henni er meðal annars sett fram markmið um að fyrir lok árs 2021 verði hlutfall kvenstjórnenda hjá fyrirtækinu hærra en 40%. Í lok árs 2020 var hlutfall kvenna í stjórnendastöðum alls 34% og 25% í framkvæmdastjórn. Um skipan í stjórn Landsvirkjunar er farið að lögum um hlutafélög nr. 2/1995, með síðari breytingum um hlutföll kynja í stjórn fyrirtækja, og eru konur 40% af stjórn fyrirtækisins.

Við erum með BSI-vottað jafnlaunakerfi í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST 85:2012. Viðhaldsvottun var gerð á þessu ári sem staðfesti að kerfið okkar væri virkt og hannað til þess að jafnréttis væri gætt við ákvörðun launa. Árið 2020 hlutum við einnig gullmerki jafnlaunaúttektar PwC, sjötta árið í röð. Heildarlaun karla voru 0,8% hærra en heildarlaun kvenna og er munurinn innan viðmiðunarmarka PwC.

405-2

Hvert og eitt okkar fær tvö starfsmannasamtöl á ári með næstráðanda. Samtölin eru hluti af reglulegri rýni á frammistöðu og starfsþróun og hefur hvert þeirra ólíka nálgun. Þannig sköpum við reglubundinn vettvang til að ræða saman um líðan og væntingar, svo draga megi fram áskoranir og árangur okkar, bæði sem einstaklinga og sem heild.

404-3

403-6 Andleg og líkamleg heilsa

Fyrsta skrefið í átt að betri heilsu er að skilja hvernig okkur líður. Þess vegna er hluti af okkar heilsufarslegu forvörnum að gera vinnustaðagreiningu á menningarlegum, félagslegum, umhverfislegum og faglegum þáttum, en þessir þættir geta haft áhrif á heilsu okkar og líðan. Greiningin er gerð árlega á allri starfsemi fyrirtækisins og eru niðurstöður hennar nýttar til að bæta starfsumhverfið og þróa menningu okkar innan vinnustaðarins.

403-7

Vinnustaðagreiningin færir okkur einnig aukinn skilning á því hvernig við getum unnið að heilsuvernd á vinnustaðnum. Nýverið var gerður samningur við fyrirtækið Auðnast, sem sinnir heilsuþjónustu fyrir líkamlega og andlega vinnuvernd. Auðnast vinnur nú að sál-félagslegu áhættumati á vinnuumhverfinu sem mun gera okkur kleift að sérsníða heilsufarseftirlit að hverju starfssvæði fyrir sig.

403-3

Árið 2020 hlúðum við að heilsu fólksins okkar í því ástandi sem fylgdi heimsfaraldri COVID-19.

Gerðar voru tvær kannanir, þar sem m.a. var spurt um andlega líðan og samskipti við sam-

403-4 starfsfólk. Niðurstöðurnar voru mikilvægar til að sjá hvernig við gætum stutt betur við fólkið okkar á þessum undarlegu tímum. Einn liður í því var að halda skemmtilega rafræna viðburði í samstarfi við starfsmannafélagið.

403-6 Við hvetjum einnig fólkið okkar áfram í átt að bættri heilsu með því að veita ýmis heilsutengd fríðindi. Að auki er aðstaða til líkamsræktar á flestum starfssvæðum okkar og boðið upp á heilsusamlegan mat í mötuneytunum.

403-5 Öryggi á vinnustað

Þjálfun í öryggismálum fer reglubundið fram á öllum starfssvæðum okkar. Má þar nefna þjálfun í skyndihjálp, eldvörnum, hífingum, fallvörnum o.fl. Gildi slíkrar þjálfunar hefur margsannað sig og hjálpað fólki að forða slysum og bregðast rétt við í erfiðum aðstæðum.

403-9 Allt starfsfólkið okkar er með slysatryggingu, sem veitir vernd á vinnutíma og utan hans. Tryggingin tekur gildi ef slys veldur örorku. Slysatryggingar verktaka eru sérstaklega útlitaðar í verktakasamningum. Á árinu var tilkynnt um eitt vinnuslys sem leiddi til fjarveru frá vinnu. H-tala fyrir árið 2020 er 0,32 en H-tala er fjöldi fjarveruslysa, deilt með heildarvinnustundum sinnum 200.000 stundir. Engin vinnutengd sjúkdómstilfelli voru tilkynnt á árinu.

403-10

Við erum með vottað öryggis-, heilsu- og vinnuverndarkerfi, ISO 45001:2018. Við vinnum

403-8 einnig eftir öryggis-, heilsu og vinnuverndarstefnu, en stefnan er nú í endurskoðun og bætt

403-1 verður við árangursmælikvarða. Áhættumat, úrvinnsla ábendinga og rótargreining atvika eru

403-2 mikilvægir þættir til að koma í veg fyrir óhöpp og slys. Nýlega var tekið upp nýtt ábendinga-kerfi og unnið er að gerð mælaborðs atvika.



Fræðsla frá fyrsta degi til starfsloka

Öllum sem hefja störf hjá okkur er boðið á nýliðanámskeið. Námskeiðið fer fram í rafrænni fræðslugátt en þar fer einnig fram fræðsla fyrir starfsfólk, ýmist val- eða skylduefni, sem eykur þekkingu þess á starfseminni og færni á eigin sviði. Námskeiðið styður einnig við þjálfun starfsfólksins í öryggis-, heilsu- og vinnuumhverfismálum.

404-2

403-5

Fjölmörg önnur námskeið og fræðsla standa fólkinu okkar til boða, ýmist að frumkvæði fyrirtækisins eða þess sjálfs. Við eigum í samstarfi við fjölmarga ytri aðila um slík námskeið eins og t.d. Iðuna, Tækniskólann og Endurmenntun, svo fátt eitt sé nefnt. Hluti af fræðslu-starfinu er að gera þarfagreiningar á meðal starfsfólks annað hvert ár sem nýttar eru til að stilla upp fræðsludagskrá.

404-2

Námskeiðið *Tímamót og tækifæri* býðst þeim sem eru farin að búa sig undir starfslok. Á námskeiðinu eru dregin fram tækifæri og valkostir sem þessi stóru tímamót hafa í för með sér og hugað að grunnatriðum eins og næringu, fjármálum og hugarfari.

404-1

Að meðaltali varði hver starfsmaður 19,6 klukkustundum í þjálfun og fræðslu á árinu.

401-2

Réttindi og fríðindi

403-6

305-1

Starfsfólkið okkar nýtur ýmissa fríðinda í starfi. Þeim sem eru fastráðin og/eða í fullu starfi býðst árleg heilsufarsskoðun ásamt því að fá fjárhagslegan styrk til heilsuræktar. Starfsfólk með tímabundna ráðningu og/eða í hlutastarfi hefur einnig möguleika á að nýta sér þessi tilteknu fríðindi undir ákveðnum formerkjum. Við bjóðum einnig samgöngustyrk fyrir þau sem skuldbinda sig til að ferðast með vistvænum hætti til og frá vinnu að meðaltali þrjá daga í viku.

Við greiðum kostnað vegna augnskoðunar starfsfólks samkvæmt verðskrá augnlækna og samningi þeirra við Tryggingastofnun ríkisins. Við greiðum einnig skimun fyrir leg- og brjóstakrabbameini.

401-3

Réttindi til fæðingar- og foreldraorlofs er bundið í lög á Íslandi og allt starfsfólk Landsvirkjunar getur sótt um orlof samkvæmt réttindum sem skilgreind eru í þeim lögum. Heildarfjöldi þeirra sem tóku fæðingarorlof á árinu 2020 var 18, þar af fimm konur og 13 karlmenn. Í árslok voru tveir starfsmenn ókomnir úr fæðingarorlofi, báðir konur.

102-41

Kjaramál

402-1

201-3

Starfsfólk Landsvirkjunar fær greitt samkvæmt kjarasamningum, að undanskildum forstjóra og yfirstjórn. Lágmarks uppsagnarfrestur hjá fastráðnu starfsfólki er þrjú mánuðir. Uppsagnarfrestur og lágmarksloaun eru tilgreind í kjarasamningum. Við förum eftir lögum nr. 129 23. desember 1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

102-9

Í öllum samningum okkar eru ákvæði um keðjuábyrgð. Það þýðir að öll þau sem vinna fyrir Landsvirkjun með óbeinum hætti, t.d. hjá verktökum, undirverktökum eða starfsmanna-leigum, njóta réttinda og kjara í samræmi við lög og kjarasamninga.